

7

Endurfæðing og iðrun

Þegar við gerum okkur grein fyrir afleiðingum synda okkar og að við getum ekki í eigin mætti sigrast á eðli okkar, þá er aðeins eitt sem við getum gert: Gefast upp og láta Guð taka völdin! Þegar að það gerist íhugum við það kraftaverk sem endurfæðingin er. En hvað með iðrun? Þurfum við ekki fyrst að iðrast áður en að við komum til Guðs? Kemur iðrun ekki á undan endurfæðingu? Í þessu námsefni skoðum við hvað Biblían kennir um endurfæðingu og iðrun.

1. Hversu mikilvægt er að upplifa endurfæðingu? Jóhannes 3.3

2. Hvaðan kemur krafturinn til að endurfæðast? Jóhannes 1.12-13

3. Hvað þarf til þess að endurfæðast? Jóhannes 3.5; Títus 3.5

Ath. Endurfæðing er yfirnáttúrulegt verk Heilags Anda. Hún einkennist af breyttu viðhorfi til Guðs. Í stað þess að flýja Guð leitar sá sem er að endurfæðast til Guðs.

4. Skilur mannlegt eðli andlega hluti? 1 Korintubréf 2.14; Rómverjabréfið 8.7

5. Svo hvað verður að gerast til þess að við öðlumst skilning? Efesus 4.23-24

Ath. Endurfæðing skapar nýja og dýpri getu til þess að kynnast Guði. Heilagur Andi endurnýjar huga þinn og gefur þér nýjan skilning og áhuga sem ekki voru til staðar áður. Þú ferð að upplifa nýja löngun til þess að þekkja Guð.

6. Leiðir nýtt hjarta til breytts líferniss? Esekíel 36.26-27

Ath. Endurfæðing þýðir „ný fæðing“. Hún er upphaf andlegs lífs. Rétt eins og þú valdir ekki afmælisdaginn þinn, getur þú ekki valið þér „andlegan afmælisdag“, þ.e.a.s. hvenær þú fæðist að nýju. Þú getur ekki endurfætt sjálfan þig – né aðra. Þetta er algjörlega í höndum Guðs. Þú getur deilt Kristi með öðrum, en það er verk Heilags Anda að breyta viðhorfi þeirra til Guðs.

7-2

7. Hverju lofar Guð varðandi það verk sem hann hefur hafið í okkur? Filippíbréfið 1.6

8. Er iðrun nauðsynleg til að frelsast? Lúkas 13.3; 2 Pétursbréf 3.9

9. Hvernig fólk finnur þörf fyrir iðrun? Markús 2.17

10. Er til sönn og fölsk hryggð yfir synd? 2 Korintubréf 7.10

Ath. Sönn hryggð yfir synd felur í sér að snúa sér frá syndinni. Fölsk hryggð yfir synd er meira eins og hryggð yfir afleiðingum syndarinnar: Þjófurinn er ekki hryggur yfir því að hann stal heldur yfir því að hann náðist og er nú í fangelsi.

11. Hvaðan kemur sönn iðrun? Postulasagan 5.31

Ath. „Einmitt í þessu efni fara margir villir vega, sem veldur því að þeir fara á mis við þá hjálp, sem Kristur vill veita þeim. Þeir halda að þeir geti ekki komið til Krists nema þeir iðrist áður og að iðrunin undirbúi jarðveginn fyrir fyrirgefningu synda þeirra... Í Biblíunni er hvergi kennt að syndarinn verði að iðrast áður en hann geti þegið boð Krists... Við getum ekki frekar iðrast án þess að Andi Krists veki samvisku okkar en að við hljótum fyrirgefningu án Krists.“

Vegurinn til Krists, bls. 30-31.

Hvernig á iðrunin sér stað? Komum við til Krists til þess að iðrast eða iðrumst við til þess að koma til Krists? Við getum einskis iðrast FYRR en við komum til Krists. Iðrun er eitthvað sem við tökum á móti. Hún er gjöf frá Guði. Við komum til Jesú og hann gefur okkur anda iðrunar og fyrirgefur okkur síðan syndirnar. Við hreinsum ekki okkur sjálf til þess að geta komið til Krists. Þess í stað komum við til Krists og síðan vinnur hann það verk að hreinsa okkur.

12. Hvernig leiðir Guð okkur til iðrunar? Rómverjabréfið 2.4

13. Eftir að Pétur afneitaði Jesú og minntist gæsku hans, hvað gerði hann?

Matteus 26.74-75

Samantekt: Við getum ekki snúið okkur frá syndinni í eigin mætti en við getum leitað til Drottins svo hann geri það fyrir okkur. Guð nýtur þess að hjálpa þeim sem geta ekki hjálpað sér sjálfir. Við snúum okkur ekki frá syndunum til þess að iðrast. Við komum til Jesú til þess að iðrast. Okkar verk er alltaf aðeins að koma til hans.

Svör við nr. 7

Spurning 1 – Mjög mikilvægt eða lífsnauðsynlegt

Spurning 2 – Frá Guði

Spurning 3 – Heilagan Anda

Spurning 4 – Nei

Spurning 5 – Hugur okkar verður að endurnýjast

Spurning 6 – Já

Spurning 7 – Guð lofar að ljúka því verki sem hann hefur hafið í okkur

Spurning 8 – Já

Spurning 9 – Syndarar

Spurning 10 – Já

Spurning 11 – Frá Jesú Kristi

Spurning 12 – Með gæsku sinni

Spurning 13 – Hann grét beisklega